



Alþingi  
Nefndasvið

Reykjavík, 5. janúar 2021  
VEL20201287

**Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. 151. löggjafarþing 2020–2021. Þingskjal 442 — 356. mál.**

Vísað er til beiðni nefndasviðs Alþingis sem barst þann 17. desember 2020 varðandi umsögn um frumvarp til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

Að mati Reykjavíkurborgar er það jákvætt að sett séu lög um sérstaka stofnun á sviði gæða og eftirlits varðandi velferðarmál til að tryggja að þjónusta sem veitt er á þeim grundvelli sé traust og örugg. Með því er rennt stoðum undir þær nauðsynlegu breytingar sem unnið hefur verið að á undanförunum árum innan stjórnsýslu velferðarmála.

Í 11. gr. frumvarpsins er að finna heimild fyrir ráðherra til að setja reglugerð um innra eftirlit og í 12. gr. er að finna heimild til að setja reglugerð um óvænt atvik, þ.m.t. viðbrögð við tilkynningum. Að mati Reykjavíkurborgar er þar um að ræða of víðtækar heimildir til setningar reglugerða þar sem betur fer á að hvert sveitarfélag setji sér reglur og viðmið þar að lútandi. Þá kemur fram í 1. mgr. 3. gr. að sú þjónusta sem lúti eftirliti stofnunarinnar sé m.a. í samræmi við ákvæði leiðbeininga. Ljóst er að leiðbeiningar eru í eðli sínu ekki bindandi á sama hátt og lög, reglugerðir, reglur og samningar og því ekki rétt að gera þær kröfur að þjónustan sé í samræmi við þær.

Í 13. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að stofnunin taki við ábendingum um að þjónusta sveitarfélags sé ekki í samræmi við ákvæði samninga. Rétt er að fram komi að um sé að ræða samninga sem fela í sér að einkaaðili annist lögboðna þjónustu. Reykjavíkurborg er aðili að samningum við ýmsa einkaaðila um þjónustu sem ekki er lögboðin og því er rétt að fram kom að ekki sé fjallað um ábendingar vegna slíkra samninga.

Í 20. gr. er fjallað um heimild til að beita dagsektum. Lagt er til að bætt verði inn í greinina að aðila sem ákvörðun um dagsektir beinist að skuli gefinn kostur á að koma að skriflegum andmælum innan hæfilegs frests áður en ákvörðun er tekin og að ákvörðunina skuli tilkynna bréflaga á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að án ástæðulausra tafa.

Ef frekari upplýsinga er óskar verða þær góðfúslega veittar. Ef þess verður óskað af hálfu velferðarnefndar Alþingis munu fulltrúar Reykjavíkurborgar koma fyrir nefndina og gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem fram koma í umsögninni.

Virðingarfyllt,  
f.h. Reykjavíkurborgar,

  
Helga Jóna Benediksdóttir, lögfr.